

Guðlaugur H Kristmundsson
Lækjarbotnar
851 Hella

Selfossi, 10. apríl 2024
Tilvísun: 2404021

Efni: Staðfesting á skráningu fyrirtækis í fiskeldi

Hér með tilkynnist að Guðlaugur H. Kristmundsson (kt. 121154-5529) hefur uppfyllt öll skilyrði sem sett eru um skráningu rekstraraðila eldisstöðva á landi hjá Matvælastofnun samkvæmt reglugerð nr. 1133/2021 um skráningarskylda aðila í fiskeldi.

Skráningarnúmer: FE-1224
Hámarkslífmassi: 20 tonn
Tegundir í eldi: Bleikja (*Salvelinus alpinus*)
Tegund eldis: Matfiskeldi
Fastanúmer fasteignar: 164992

Eingöngu er heimilt að ala í fiskeldisstöð þær tegundir eldisfisks sem tilgreindar eru í skráningu. Óheimilt er að vera með villtan fisk og eldisfisk í sömu fiskeldisstöð án heimildar fisksjúkdómanefndar. Óheimilt er að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð áður en Matvælastofnun hefur staðfest skráningu.

Óheimilt er að flytja eldistegundir, sem ekki eru tilgreindar í skráningu milli fiskeldisstöðva, og lifandi fisk og hrogn milli ótengdra vatnasvæða. Matvælastofnun getur bannað flutning á fiski milli tiltekinna fiskeldisstöðva eða um tiltekin svæði nema að uppfylltum vissum skilyrðum sem lúta að því að draga úr hættu á að sjúkdómar dreifist.

Notkun bóluefna og sýklalyfja í fiskeldi er óheimil nema með samþykki Matvælastofnunar. Óheimilt er að meðhöndla eldisdýr með sýklalyfjum nema að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis eða viðurkenndrar rannsóknastofu. Varúðar skal gætt við notkun lyfja og annarra efna í fiskeldisstöð til að koma í veg fyrir að efnin berist út í umhverfið.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar

Erna Karen Óskarsdóttir
Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis